

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 15. október 2012 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-63/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 29. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna sófasetts sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi telur sófasettið gallað og krefst þess aðallega að kaupunum verði rift, en til vara að seljanda geri úrbætur á sófasettinu.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 29. ágúst sl. gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 12 september. Engin andsvör bárust. Þá bárust kærunefndinni engin frekari gögn.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi keypti sófasett af gerðinni Giulia 3+1+1, sem samanstendur af einum þriggja sæta sófa og tveimur stólum, af seljanda hinn 25. febrúar 2012, fyrir kr. 379.000. Skömmu eftir kaupin fór að bera á því að svæði efst og fremst á sessum stólanna var orðið dekkra en aðrir fletir sófasettsins og reyndi álitsbeiðandi að þvo sessurnar með sápuvatni og sérstöku leðurhreinsunarefni, en án árangurs. Vegna utanlandsferðar kveðst álitsbeiðandi þó ekki hafa kvartað vegna þessa við seljanda fyrr en í byrjun aprílmánaðar. Að sögn álitsbeiðanda hafi seljandi skoðað sessurnar og talið ástæðu litamunarins óhreinindi, en ekki tekist að ná þeim óhreinindum úr. Þegar álitsbeiðandi hafi óskað eftir því að skila sófanum hafi seljandi hafnað því þar sem hann taldi ástæðu litamunarins vera sóðaskap álitsbeiðanda.

Álitsbeiðandi kveðst þá hafa látið óvilhallan viðurkenndan bólstrara skoða og reyna að hreinsa sessurnar, en tilraunir til hreinsunar mistókust. Að þessu loknu segir í álitsbeiðni að álitsbeiðandi hafi farið aftur til seljanda með sessurnar og af því tilefni hafi seljandi tilkynnt að hann myndi heimsækja álitsbeiðanda í þeim tilgangi að athuga hvort eitthvað inni á heimil hans hefði getað valdið litamun á sessunum. Ekkert varð af þessari heimsókn starfsmanns seljanda þrátt fyrir að álitsbeiðandi reyndi ítrekað að koma því til leiðar með áminningum. Í lok júní fór álitsbeiðandi enn í verslun seljanda með sessurnar og í það skiptið óskaði starfsmaður seljanda eftir því að fá að senda sessurnar til nafngreinds sérfræðings í leðuráklæðum. Þeim sérfræðingi tókst ekki að þrifa sessurnar, en bauðst til þess að lita sessurnar fyrir kr. 25.000, sem álitsbeiðandi kveðst hafa samþykkt gegn því að seljandi greiddi fyrir þá litun, en seljandi hafi hafnað því. Var í kjölfarið farið með sessurnar til tveggja annarra bólstrara og sérfræðinga í leðuráklæðum en hvorugum tókst að hreinsa sessurnar. Alls hafi þá sex aðilar reynt að hreinsa sessurnar, en án árangurs.

Meðfylgjandi álitsbeiðni var að finna myndir af sessunum, kvittun fyrir kaupum á sófanum auk yfirlýsingar frá bólstrara sem skoðaði sessurnar, dags. 24. júlí sl., en þar segir m.a. orðrétt: „Aftast á púðanum var dökkur flekkur sem augljóslega var ekki eðlilegur. Ég reyndi að ná blettinum úr með leðurhreinsiefni, en það hafði engin áhrif. Ég benti [álitsbeiðanda] á að fara með púðann á tvo aðra staði þar sem meiri kunnátta og reynsla er til

staðar varðandi svona vandamál. Þeim tókst heldur ekki að ná þessum bletti úr leðrinu. Eftir að hafa ráðfært mig við annan þessara aðila, er sameiginleg niðurstaða okkar sú að hér sé um að ræða galla í leðrinu; að dökki bletturinn komi úr leðrinu sjálfu en ekki vegna eðlilegrar notkunar.“

Álitsbeiðandi gerir í fyrsta lagi þær kröfur að kaupunum verði rift, en til vara að seljandi greiði fyrir varanlega endurlitun á sófasettinu. Þá vísar álitsbeiðandi til a-liðar 1. mgr. 16. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup ásamt VI. kafla sömu laga.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og fyrr greinir keypti álitsbeiðandi sófasettið 25. febrúar 2012 og hafði því einungis átt sófasettið í tæpa tvo mánuði þegar hann kvartaði vegna galla. Það er álit fagmanns, sbr. yfirlýsingu dags. 24. júlí sl., að leðrið á sessum sófasettsins sé gallað og álitur kærunefndin að á þeirri yfirlýsingu megi óhikað byggja. Það er því niðurstaða nefndarinnar að sófasettið sé gallað í skilningi 16. gr. laga nr. 48/2003, sbr. 15. gr. sömu laga.

Kærunefndin telur, í ljósi þess að um nýtt og vandað sófasett sé að ræða, að sá galli sem hér um ræðir verði að teljast verulegur.

Þar af leiðir að álitsbeiðandi á rétt á því úrræði að rifta kaupunum vegna gallans, sbr. d-lið 1. mgr. 15. gr. og 32. gr. laga nr. 48/2003, eins og aðalkrafa hans nær til. Samkvæmt því ber seljanda að endurgreiða álitsbeiðanda kaupverð sófans gegn skilum á honum.

Samkvæmt 1. mgr. 50. gr. laga nr. 48/2003 á kaupandi að færa seljanda þann afrakstur til tekna sem hann hefur haft af söluhlutum og greiða endurgjald fyrir veruleg not sem hann hefur að öðru leyti haft af honum. Í 2. mgr. sömu greinar segir að eigi seljandi að endurgreiða kaupverðið beri honum að greiða vexti í samræmi við ákvæði vaxtalaga frá þeim degi er kaupandi tilkynnti seljanda að hann myndi bera fyrir sig gallann. Eins og hér stendur á álitur kærunefndin að fjárhæðir samkvæmt þessum lagagreinum eigi að mæta hvorri annarri þannig að endurgreiðsla seljanda nemi kaupverði sófasettsins, kr. 379.000.

V

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X kr. 379.000 gegn skilum á sófasetti því sem hann keypti í versluninni 25. febrúar 2012.

Áslaug Árnadóttir

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir